



23. nóvember 2020

R20110197

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: *Umsögn fjölmeningarráðs um tillögu til þingsályktunar um aukin atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál*

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar fékk til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aukin atvinnuréttindi útlendinga.

Fjölmeningarráð fagnar tillögu um endurskoðun lagaumhverfis um atvinnuréttindi útlendinga utan EES, EFTA eða Færeyja enda flókinn málaflokkur sem teygir sig inn á mörg svið. Með aukningu á fólksflutningi þarf alltaf reglulega að endurskoða gildandi lög og koma í veg fyrir að hún skapi ekki grundvöll fyrir mismunun á vinnumarkaði.

Í greinargerðinni er nefnt að í mörgum tilfellum sé umsókn um alþjóðlega vernd fyrir fólk sem vill flytja til Íslands utan EES, EFTA eða Færeyja eina leið til að setjast að hér á Íslandi. Að mati fjölmeningarráðs átti tilgangur með endurskoðun laga að vera ávinningur fyrir samfélagið á Íslandi, sérstaklega í þeim greinum þar sem mikil vöntun er á starfsfólki með sérhæfða menntun.

Fjölmeningarráð vill líka benda á að nú þegar búa á Íslandi margir innflytjendur með sérþekkingu, menntun og reynslu en geta ekki nýtt sína menntun á íslenskum vinnumarkaði vegna erfiðleika við að öðlast starfsleyfi eða viðurkenningu á menntun erlendis frá. Endurskoðun á lagastoð vegna atvinnuréttinda þarf að vera samhliða endurskoðun á því, annars er það til lítils.

Samhliða endurskoðun lagaumhverfis þarf að styðja við vitundarvakningu og fræðslu sem beinist til þeirra sem fara með ráðningarvald og efla þekkingu á fjölmeningarlegum vinnustöðum hjá mannauð fyrirtækja.

Ráðið telur einnig nauðsynlegt að boða fulltrúum innflytjenda til samráðs og eru fulltrúar ráðsins reiðubúnir að taka þátt í því ferli.

F.h. fjölmeningarráðs

Sabine Leskopf
formaður Fjölmeningarráðs